

Hugleiðingar um breytingar á skipulagi ASÍ Lagt fram til umræðu í Skipulags- og starfsháttanefnd

Nokkur atriði sem varða skipulag ASÍ standa upp úr umræðum eftir skipulagsferð ASÍ og geta gefa tilfeni til nánari umræðu um breytingar. Það eru aðild að ASÍ, þing ASÍ, skipan stjórna og staða ungs fólks.

1. Aðild að ASÍ

Eins og fram kemur í greiningu eftir skipulagsfundina, nýtur bæði bein aðild að ASÍ og aðild í gegnum landssambönd stuðnings meðan algerlega óbreytt skipan gerir það ekki. Erfitt er að meta þessar niðurstöður en ef til vill liggur næst að álykta sem svo að skipulag aðildar að ASÍ skipti ekki mestu, heldur að hlutirnir virki. Framhjá því verður hins vegar ekki litið, að breytt samsetning ASÍ sem m.a. birtist með einstökum stórum aðildarfélögum og auknu vægi félaga með beina aðild, núningi um aðild þeirra og erfiðleikum við afmörkun þess hvenær slík félög teljast uppfylla núverandi aðildarskilyrði ASÍ (*landsfélög með beina aðild*) skiptir talsverðu máli.

Einfaldasta leiðin til þess að losa hér um væri að breyta ákvæðum 5.gr. laga ASÍ þannig:

Aðild að Alþýðusambandi Íslands geta stéttarfélög átt beint eða í gegnum sambönd stéttarfélaganna enda séu þau skipulögð í samræmi við samþykktir ársfunda og uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum.

Í lögum þessum merkir hugtakið aðildarsamtök öll félög einstakra sambanda, sambönd og félög með beina aðild. Hugtakið aðildarfélög merkir öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild.

Ef skipulagi ASÍ yrði breytt í þá veru að aðild að landssambandi væri ekki lengur skilyrði aðildar væri í raun verið að hverfa aftur fyrir þær breytingar sem samþykktar voru á þingi ASÍ 1992 og endanlega fest í sessi á þinginu 1996 en fram til þess tíma og allt frá því í kringum 1960 höfðu landssambönd verið til og starfað án þess að aðild að þeim væri skilyrði aðildar að ASÍ. Breytingin gengur þó ívið lengra því ekki yrði lengur fjallað sérstaklega um landssambönd heldur sambönd stéttarfélaganna en í því felst að félög geti myndað með sér sambönd sem annars vegar nái ekki til landsins alls og hins vegar sambönd sem taki til heilla atvinnugreina í stað starfsgreinasambanda eins og nú er og skipulagt aðild sína að ASÍ í gegnum þau ef þau svo kjósa.

Breytt aðildarskilyrði að ASÍ í þessa veru geta staðið sjálfstætt og án þess að kalla á breytingar á stjórnskipulagi sambandsins að öðru leyti.

2. Ársfundur / þing

Mikill stuðningur kom við að ASÍ þingi á 2 ára fresti í stað ársfunda og er það í samræmi við þann stuðning sem sú hugmynd fékk á ársfundi 2006. Fram komu einnig óskir um að fundarmenn yrðu gerðir virkari.

Breytingar á lögum ASÍ hvað þetta varðar eru tiltölulega einfaldar. Þær varða fyrst og fremst 4.kafla laganna og ákvæði um kjör miðstjórnar, forseta og varaforseta þ.e. að ekki verði lengur kjörið í tvennu lagi heldur í einu lagi.

Hvað virkni fundarmanna varðar, þá lýtur að fremur að skipulagi fundanna en lögum ASÍ. Hins vegar þarf að huga að starfi ASÍ milli ársfunda en það lítur að starfi og skipan miðstjórnar, fundarhalda milli reglulegra þinga og verkaskiptingu. Um þetta verður fjallað í hér á eftir.

Þessi breyting getur staðið sjálfstætt, óhá öðrum skipulagsbreytingum en kallar á umræðuvettvang milli þinga.

3. Þing / miðstjórn og framkvæmdastjórn

Á fundunum kom fram, að félagsmenn vilja að raddir félaganna heyrist betur innan skipulags ASÍ. Þá er spurning hvort slá megi tvær flugur í einu höggi þ.e. að samhliða upptöku beinnar aðildar yrðu formannafundir aðildarféлага ASÍ formgerðir sem miðstjórn sambandsins sem gæti tekið ákvarðanir með vegnum atkvæðagreiðslum í samræmi við stærð féлага og ef til vill þannig að auk meirihluta atkvæða þyrfti ákveðið hlutfall miðstjórnarmanna til að tillaga teldist samþykkt. Miðstjórn yrði þá ekki kjörin og myndi endurnýja sig í samræmi við endurnýjun innan aðildarfélaganna. Slík stjórn yrði 53 manna m.v. tölur dagsins og ljóst að hún er of stór og dýr til þess að geta starfað sem dagleg stjórn sambandsins.

Dagleg stjórn sambandsins yrði falin í hendur forseta og framkvæmdastjórn sem kjörin yrði á ársfundi.

Á skipulagsfundunum var rætt, að ef þingað yrði á 2 ára fresti gæti verið nauðsynlegt að halda stærri fund á milli þinga til þess að taka stöðuna. Það mætti t.d. gera þannig að einu sinni milli ársfunda yrði miðstjórn ásamt varaformönnum aðildarfélaganna og framkvæmdastjórn kölluð saman. Fundirnir væru stefnumótandi en heimilt að kalla eftir vegnum atkvæðagreiðslum um annað en hefðbundin störf þinga.

Í grófum dráttum gætu útlínur verið þessar:

- **Þing og fundur milli þinga**
 - (290 + -) fulltrúa þing á 2 ára fresti fer með æðsta vald sambandsins skv. óbreyttum lögum og kjósi sambandinu forseta, varaforseta og X aðra fulltrúa í framkvæmdastjórn og varamenn þeirra.
 - Það ár sem þing eru ekki haldin komi mið- og framkvæmdastjórn saman ásamt varaformönnum aðildarféлага.
- **Miðstjórn**
 - Mynduð af formönnum allra aðildarféлага ASÍ auk þeirra fulltrúa í framkvæmdastjórn sem ekki eru formenn aðildarféлага. Varaformenn félaganna séu varamenn í miðstjórn.

- Fer með æðsta vald í málefnum Alpýðusambandsins á milli þinga.
 - Ber ábyrgð á starfsemi Alpýðusambandsins, stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra og getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.
 - Afgreiðir fjárhagsáætlun sambandsins og afgreiðir reikninga þess til fullnaðarafgreiðslu á næsta þingi.
 - Er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alpýðusambandsins í tilteknum málum.
 - Setur reglur um starfsemi einstakra deilda og stofnana, sem reknar eru á vegum heildarsamtakanna.
 - Setur með reglugerð fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu og önnur þau málefni sem lög sambandsins heimila.
 - Kemur saman til sérstakra funda a.m.k. þrisvar á ári og oftar ef þurfa þykir.
- **Framkvæmdastjórn**
 - X fulltrúar kjörnir á þingum sambandsins auk forseta og varaforseta.
 - Hefur umboð til að stjórna daglegri starfsemi Alpýðusambandsins í nafni miðstjórnar.
 - Getur kallað saman miðstjórn milli reglulegra funda ákveði hún það eða ef ósk kemur fram frá a.m.k. 15 miðstjórnarmönnum.
 - Framkvæmdastjórn fundi að jafnaði ½ mánaðarlega.

4. Staða ungs fólks

Í samræmi við samþykkt ársfundar 2008 sbr. og umræður á skipulagsfundum, verði myndaður verði sérstakur þverfélags- og faglegur vettvangur ungs launafólks (UL) úr öllum aðildarsamtökum ASÍ. Hann komi saman á sérstakri ráðstefnu í tengslum við þing sambandsins og kjósi (4) fulltrúa úr sínum röðum á það og hafi atkvæðisrétt í samræmi við meðaltal atkvæðisréttar ársfundarfulltrúa. UL kjósi auk þess 2 áheyrnarfulltrúa í miðstjórn sem njóti málfrelsis og tillöguréttar. Ráðinn verði sérstakur starfsmaður á skrifstofu ASÍ sem annist málefni ungs launafólks auk þess sem málaflokkurinn eigi sérstaka staðsetningu á vef ASÍ. Af niðurstöðum skipulagsfunda má ráða, að félagsmenn telji mikilvægt að vel sé hugað að jafnréttismálum. Hluti verkefna fulltrúa ungs fólks gæti verið að hvetja ungar konur sérstaklega til þátttöku í stéttarfélögum sínum.

Þessi tillaga getur staðið sjálfstætt og krefst ekki annarra breytinga á stjórnskipan ASÍ.

5. Samstarf, jafnræði og kynjahlutföll

Úr niðurstöðum fundanna má lesa, að félagsmenn kjósa samnings- verkfallsréttur félaganna liggja hjá aðildarfélögum eða með öðrum sem næst félagsmönnum. Ekki þarf því að huga að skipulagsbreytingum hvað þetta varðar en lög ASÍ gera ráð fyrir sameiginlegri aðkomu að kjarasamningum á grundvelli samstarfssamninga. Einn slíkur er í gildi fram á haustið 2010 þ.e. til loka yfirstandandi samningstíma.

Skýrt kom fram, að félagsmenn vilja að raddir félaganna heyrist og að aðgangur að forystu sambandsins sé greiður. Komið er til móts við það með tillögum og breytta skipan miðstjórnar og stórfund milli þinga.

Nú eru 33% aðalmanna í miðstjórn konur og 9% varamanna en konur eru hins vegar formenn í 18% aðildarfélaga og varaformenn í 29% þeirra. Sú aðgerð að formgera formannafund sem miðstjórn myndi því ekki að óbreyttu tryggja hærra hlutfall kvenna í miðstjórn. Það myndi hins vegar tryggja að þær konur sem fara með hið raunverulega vald innan hreyfingarinnar (kjarasamningsréttinn) yrðu allar í miðstjórn. Það gæti einnig verið öðrum konum innan hreyfingarinnar hvatning til áhrifa og spurning hvort setja mætti í lög ASÍ sérstaka hvatningu um framgang kvenna.

Nú eru 60% aðalmanna í miðstjórn af höfuðborgarsvæðinu, 33,5 af landsbyggðinni og 6,5% frá landsfélögum. Ef breytingar yrðu gerðar myndu 63% miðstjórnar vera af landsbyggðinni, 11% frá landsfélögum og 26% af höfuðborgarsvæðinu.

Magnús M. Norðdahl